

Sorpstöð Suðurlands bs
Bjarni Guðmundsson
Austurvegi 56
800 Selfoss

Reykjavík, 27. október 2019
UST201904-153/gf
08.14.02


Varðar vettvangsheimsókn í eftirlit ársins 2019 – urðunarstaður Sorpstöðvar Suðurlands bs. að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi

Þann 18. september sl. fór fram eftirlit með lokuðum urðunarstað Sorpstöðvar Suðurlands bs. að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Einni ábendingu var komið á framfæri og eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi var skráð. Í sigvatni frá urðunarstaðnum eru að mælast þungmálmur yfir losunarmörkum þ.e. nikkell, baríum og antimón.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. nóvember 2019.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Suðurlands Kirkjuferjuháleiga/Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	18.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpstöð Suðurlands	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Austurvegi 56, Selfossi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420481-0719	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Guðmundsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi er skráð. Eins var einni ábendingu um gagnaskil komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður Sorpstöðvar Suðurlands á Kirkjuferjuháleigu er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og gildir það til 13. júlí 2025. Heimilt er að urða allt að 30000 tonn af almennum og óvirkum úrgangi á ári. Urðun hefur þó ekki farið fram síðan 1. desember 2009. Fyrirmælum um frágang og vöktun urðunarstaðarins var þinglýst hjá sýslumanni þann 1. júní 2015. Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar ef urðun verður hafin að nýju.

Sest var niður á skrifstofu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á Selfossi með Bjarna Guðmundssyni sem er tengiliður Umhverfisstofnunar vegna urðunarstaðarins, bæði m.t.t. starfsleyfis og fyrirmæla um frágang og vöktun. Að loknum eftirlitsfundinum hélt rekstraraðili samráðsfund með Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis. Ágúst Óskar Sigurðsson var fulltrúi heilbrigðisnefndar og Gottskálk Friðgeirsson fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

1. Yfirferð yfir úrbætur frá síðasta eftirliti
2. Kröfur í fyrirmælum um frágang og vöktun
3. Kröfur í starfsleyfi
4. Ný reglugerð kynnt – Tíðni eftirlits byggt á áhættumati
5. Skoðun á urðunarstaðnum

1. Í úrbótaáætlun rekstraraðila vegna eftirlitsskýrslu frá síðasta eftirliti var EFLU verkfræðistofu falið að hafa umsjón með urðunarstaðnum gagnvart fyrirmælum um frágang og vöktun og skil á umbeðnum upplýsingum til Umhverfisstofnunar. Öllum ábendingum hefur verið svarað og úrbætur gerðar. Gögnum vegna útstreymisbókhalds og græns bókhalds var skilað í apríl sl. Girðingavinnu er lokið og merkingum við urðunarstaðinn verið breytt. Fyllt hefur verið upp í tjörn sem myndast á hverju ári ofan á urðunarstaðnum þar sem seyrumóttaka var áður. Jarðvegi er bætt við á hverju ári til þess að þurrka upp tjörnina og beina vatni út af reininni. Fimm mælipunktur vegna rúmmálmælinga (sigs) er á rein nr. 8 og sex mælipunktur á rein nr. 9.

Ný mæling á olíu/fitu í frárennli urðunarstaðsins aftan við hreinsivirki sýnir að olía er undir 6 mg/L (ppm) og því undir losunarmörkum fyrir olíuúrgang (15 mg/L). Fráviki frá síðasta ári er því lokað.

2. Rætt var um lokunarfyrirmælin en rekstraraðili hefur uppfyllt öll ákvæði um frágang. Hreinsivirki fyrir sigvatn hefur verið komið fyrir og samið við verktaka um að viðhalda þeim. Verktakinn sér líka um sýnatökur og mælingar á sigvatni, grunnvatni og yfirborðsvatni. Ekki er gerð krafa um söfnun hauggass né sýnatöku og mælingar.

Vöktun urðunarstaðarins er í höndum sama verktaka. Breytingar á umfangi (sigi) urðunarstaðarins eru mældar svo og efnainnihald sigvatns, grunnvatns, yfirborðsvatns og eins árssets ofan og neðan útrásar sigvatnsins. Notast er við veðurgögn frá veðurstöðvum í nágrenninu. Gögn um uppgufun liggja ekki fyrir og því sleppt í skýrslum. Bent er á að krafa um skil á gögnum um uppgufun er reglugerðarkrafa og því ekki á hendi Umhverfisstofnunar að leyfa undanþágu frá skilum á niðurstöðum. Hægt er að nota jöfnu Penman's eða Shuttleworth's til þess að reikna út uppgufun út frá veðurgögnum.

3. Eins og kemur fram að ofan er ekki verið að urða úrgang á urðunarstaðnum lengur og því er staða rekstraraðila gagnvart flestum kröfum starfsleyfisins í góðu lagi. Starfsleyfið er gefið út 8. apríl 2009 og heimilar urðun almennum og óvirkum úrgangi. Allar áætlanir sem krafa er um liggja fyrir og skil á gögnum til Umhverfisstofnunar í lagi. Skýrslugjöf vegna mengunarmælinga er á hendi Eflu verkfræðistofu og er fylgst með sigvatn og viðtaka. Rennsli, hitastig, leiðni og sýrustig tekur nokkuð mark af veðurfari. Meiri úrkoma eykur rennsli sigvatns, lækkar hitastig sigvatnsins og lækkar leiðni sigvatnsins. Mælingar á sigvatni í sýni sem tekið var 27. september 2018 kemur fram að króm, nikkell, baríum og antimón eru yfir losunarmörkum í starfsleyfi (sjá einnig reglugerð nr. 738/2003). Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Í árseti neðan við útrás urðunarstaðarins mælist (2017) nokkur hækkun í blýi og lífrænum halogensamböndum (AOX). Verður skoðað nánar í næstu mælingu.

Krafa um söfnun og mælingar á hauggasi var felld út með lokunarfyrirmælunum árið 2015.

Samráðsfundur með fulltrúa heilbrigðisnefndar Suðurlandssvæðis og Umhverfisstofnunar er haldinn árlega.

4. Farið var yfir nýjar kröfur í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, en þar er kveðið á um að leggja skuli kerfibundið mat á umhverfisáhættu vegna starfsemi urðunarstaða og tíðni eftirlits ákvarðast af áhættunni.

5. Farið var í skoðun á urðunarstaðnum við Kirkjuferjuháleigu. Hlið var læst og búið er að breyta merkingum við hlið urðunarstaðarins og ekki lengur auglýstir opnunartímar. Yfirlag á urðunarstaðnum er ávalt og leiðir rigningarvatn út til hliðanna. Á einum stað, sem að sögn fulltrúa Eflu verkfræðistofu er þar sem seyrugryfja var áður er sig svo mikið að árlega þarf að bæta á huluna annars myndast tjörn ofan á urðunarstaðnum. Við skoðun var enn komin tjörn þar. Fulltrúi Eflu kvaðst myndi þurrka tjörnina upp með því að bæta jarðvegi í dældina. Unnið hefur verið að viðhaldi á hreinsivirki og sýnatökuaðstöðu neðan urðunarstaðarins.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

ákvæði í grein 5.3 í starfsleyfi

Mælingar á sigvatni í sýni sem tekið var 27. september 2018 kemur fram að króm, nikkell, baríum og antimón eru yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi (sjá einnig reglugerð nr. 738/2003, viðauka II, grein 2.2.2 um losunarmörk fyrir almennan úrgang).


ÁBENDINGAR

Bent er á að krafa um skil á gögnum um uppgufun er reglugerðarkrafa og því ekki á hendi Umhverfisstofnunar að leyfa undanþágu frá skilum á niðurstöðum. Sjá reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003, viðauki III. Hægt er að nota jöfnu Penman's eða Shuttleworth's til þess að reikna út uppgufun út frá veðurgögnum.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 27.10.2019



Gottskálk Friðgeirsson